

21. nóvember 2008
SÍ-45098

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 23. október 2008 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, 26. mál, afnám stimpilgjalds íbúðarhúsnæðis.

Í frumvarpinu er lagt til að kaupsamningar, afsöl, skuldabréf og tryggingarbréf vegna kaupa á íbúðarhúsnæði verði undanþegin stimpilgjaldi og að lögin öðlist þegar gildi.

Stimpilgjald skilaði ríkissjóði 9,5 ma.kr. tekjum árið 2007, um 0,7% af landsframleiðslu. Stimpilgjöld af fyrstu íbúðakaupum voru felld niður á vorþingi 2008. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um þá breytingu var gert ráð fyrir að tekjur af stimpilgjaldi lækkuðu við hana um 10%. Í fjárlagafrumvarpi 2009 var reiknað með 6,6 ma.kr. tekjum af gjaldinu. Með breyttum efnahagshorfum má telja víst að sú fjárhæð lækki talsvert. Miðað við 5 ma.kr á ári er ekki ósennilegt að niðurfelling stimpilgjalds af íbúðakaupum myndi kosta ríkissjóð 2-2,5 ma.kr. á ári næstu árin, meðan verulegs samdráttar gætir. Slíka áætlun verður að taka með fyrirvara, þar eð talsverð vandkvæði eru á að sundurgreina gjaldstofna stimpilgjalds.

Eðlilegt er að meðferð þessa máls taki mið af fyrirsjáanlegum hallarekstri ríkissjóðs. Að öðru leyti tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri